



Fundargerð 1. fundar notendahóps stjórnsýslunnar

Fundurinn var haldinn hjá Hagstofu Íslands þriðjudaginn 12. september 2017 milli 10:00 og 11:30.

Fulltrúum frá öllum ráðuneytum og Sambandi íslenskra sveitarfélaga var boðið að koma á fundinn. Eftirfarandi ráðuneyti sáu sér ekki fært að senda fulltrúa: Forsætisráðuneytið, Dómsmálaráðuneytið, Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytið, og Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Notendur sem mættu á fundinn voru:

Nafn	Ráðuneyti/ samtök
Jón Óskar Pétursson	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Sigurður Páll Ólafsson	Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Reynir Jónsson	Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Sigurlilja Albertsdóttir	Utanríkisráðuneytið
Hilda Cortez	Velferðarráðuneytið
Inga Einarsdóttir	Velferðarráðuneytið
Jóhannes Á. Jóhannesson	Samband íslenskra sveitarfélaga
Valgerður Freyja Ágústsdóttir	Samband íslenskra sveitarfélaga

Á fundinum voru eftirfarandi Hagstofustarfsmenn: Björn Rúnar Guðmundsson sviðsstjóri Efnahags-sviðs, Hrafnhildur Arnkelsdóttir sviðsstjóri Félagsmálasviðs, Margrét Kristín Indriðadóttir deildarstjóri Launa, tekna og menntunar, Böðvar Þórisson sviðsstjóri Fyrirtækjasviðs, og Reynir Kristjánsson gæðastjóri sem var fundarstjóri.

Dagskrá

1. Umbótahugmyndir
2. Forgangsröðun

Fundargerð

1. Spurt var „Hvað þarf Hagstofan að bæta?“. Þátttakendur (notendur) svöruðu með því að skrifa umbótahugmyndir á miða sem síðan voru flokkaðir. Flokkunum var síðan gefið heiti en í flestum tilfellum var bara ein hugmynd í flokki og fékk þá flokkurinn sama heiti og umbótahugmyndin.

2. Notendur fengu 8 punkta hver til forgangsröðunar. Punktunum mátti úthluta að vild á flokkana sem fengust úr dagskrárið 1. T.d. mátti setja alla punktana á sama flokkinn eða dreifa þeim að vild. Þeim fleiri punktar þeim mikilvægari er viðkomandi umbótahugmynd.

Niðurstöður úr dagskráriðum 1 og 2 má sjá hér að neðan. Tölurnar í sviga er fjöldi stiga (punkta) sem hver flokkur fékk.

(10) **Styðja stjórnsýsluna við mælingu markmiða** (Hagstofan verði með miðlægt hlutverk í gagnasöfnun í tengslum við fjármálaáætlun – Stuðningur við eða umsjón með miðlægu gagnatorgi stjórnsýslunnar – Tækifæri fyrir Hagstofuna að safna og halda utanum KPI sem ríkisvaldið ætti að setja)

(9) **Meiri kytntengd tölfraði** (Kyngreind gögn tengd ferðaþjónustu – Aukin kyngreind tölfraði, t.d. í hagtölum um opinber útgjöld).

(8) **Betri upplýsingar um félagsþjónustu** (Möguleg sískráning – Verkefni fyrir Hagstofuna, Velferðaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga).

(7) **Landshlutaskipt tölfraði** (Heilbrigðisútgjöld eftir heilbrigðisumdænum).

(7) **Sjónrænni birting gagna** (Gera notendum auðveldara að bera saman tölur, t.d. að gera samanburð milli atvinnugreina í fyrirtækjatölfraði).

(5) **Það þarf að skila upplýsingum um fræðslumál miklu fyrri**

(4) **Hagtölur um kolefnisspor atvinnuvega vantar**

(3) **Vantar upplýsingar um þjónustubyngd, t.d. kennslustundir** (Fræðslumál).

(3) **Nákvæmari lýsigögn**

(3) **Gera auðveldara að finna hagtölur og lýsigögn** (Betrá aðgengi – Lýsigögn nær talnaefni – Data roadmap vantar).

(2) **Tölur um utanríkisverslun á föstu verðlagi vantar**

(2) **Vantar upplýsingar um tónlistarskóla** (Á grunn og miðstigi).

Fleira var ekki rætt og fundi slitið.